

Reykjavík 2.3.2018

## Nefndasvið Alþingis Velferðarnefnd

### Umsögn um þingsályktunartillögu, mál nr. 88: Óháð, fagleg staðarvalsgreining fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús

Samtök um Betri spítala á betri stað fagna þingsályktunartillögu þessari. Við vitum að meirihluti landsmanna, heilbrigðisstarfsfólks, þar með talið starfsfólk LSH er sama sinnis samkvæmt könnunum.

#### Forsaga málsins

Upp úr síðustu aldamótum var að ákveðið að sameina Landspítalann við Hringbraut. Sú ákvörðun var tekin gegn álitinu fyrstu erlendu ráðgjafana sem komu að verkefninu, Ementor. Orðrétt sögðu Ementor „If a new hospital is not an option we suggest to choose Fossvogur as the location for the acute somatic hospital in the longterm....“ Snarað á Íslensku þýðir þetta „Ef ekki er hægt að byggja nýjan spítala [frá grunni á nýjum stað af fjárhagslegum ástæðum] leggjum við til að byggt verði í Fossvogi“.

Þessi niðurstaða Ementor mun ekki hafa hugnaðist nokkrum áhrifamönnum við Hringbraut, sem vildu uppbyggingu þar. Nokkrum mánuðum síðar var búið að skipta um stýrihóp fyrir verkefninu og ráða aðra erlenda ráðgjafa. Vinna annara ráðgjafa eftir þetta snérist að mestu um útfærslu bygginga við Hringbraut en lítt um staðarval en þó svo væri hjá sumum að hluta var það ekki með óháðum hlutlausum hætti.

Með árunum hefur orðið æ ljósara hversu misráðið það var að stefna að sameiningu spítalans við Hringbraut. Það sem gerir útslagið er sívaxandi fjöldi ferðamanna og vaxandi umferðarvandi í miðbænum sem verður algerlega óþolandi ef Fossvogsspítali og fleiri deildir spítalans flytja á Hringbraut.

Nú er svo komið að spítalinn er í vegi fyrir æskilegri þróun í miðbænum enda á hann betur heima austar á höfuðborgarsvæðinu, nær sem flestum íbúum höfuðborgarsvæðisins við góðar vegtengingar út úr borginni við Vesturland, Suðurland og Reykjanes.

Því er löngu tímabært að gera óháða, faglega staðarvalsgreiningu til að leiða í ljós bestu staðina fyrir spítalann og hvernig mætti haga framhaldinu varðandi uppbyggingu Landspítalans. Horfa þarf á Hringbraut til samanburðar og skoða hvort heppilegt væri að hafa hluta af starfsemi þar áfram eða hafa allt á sama stað og þá hvar.

#### Samandregin aðalatriði

Það eru nokkrar ástæður fyrir því að nú þarf að gera óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýja þjóðarsjúkrahúsið:

- Nýr spítali frá grunni á besta stað er hagkvæmari en bútasumaður spítali gamalla og nýrra bygginga á dýrasta svæði í borginni. Að mati Samtakanna er hagkvæmin yfir 100 milljarða króna á núvirði en það þarf að skoða nánar samhliða faglegri staðarvalsgreiningu.

- Nýr spítali á besta stað verður betri spítali en bútasamaður spítali gamalla og nýrra bygginga. Byggja má á hæðina og nota lyftur til að flýta för um spítalann.
- Það er fljótlegra að byggja á opnu aðgengilegu byggingarsvæði en í þrenslunum við gamla spítalann við Hringbraut jafnvel þó við bætist um 5 ára undirbúningstími.
- Umferðarlega vel tengdur spítali, sem næst þungamiðju byggðar, styttir ferðir að og frá. Það skiptir verulegu máli því ferðirnar verða fljótlega um 18.000 á sólarhring samtals. Það léttir á umferðinni á Hringbrautarsvæðinu um nálægt 15% í stað þess að auka hana um 10% ef spítalinn verður sameinaður við Hringbraut.
- Ef spítalinn verður við Hringbraut þarf strax að ráðast í viðamiklar, kostnaðarsamar samgöngubætur. Samtals verður kostnaðurinn yfir 150 milljarða kr. Vissulega þarf sumar samgöngubæturnar hvort sem er, en ekki eins fljótt ef spítalinn flyst úr miðbænum.
- Þylusjúkraflug mun aukast smám saman og verða með tímanum daglegt brauð. Aðflugið þarf að vera greitt og öruggt sem verður erfitt að koma við á Hringbrautinni.
- Gott er fyrir bata sjúklinga ef spítali er í friðsælu, fallegu umhverfi.
- Mikilvægi nálægðar spítalanas við Háskólann er ekki eins mikið og sumir vilja vera láta.

Hér á eftir er fjallað nánar um rökin fyrir staðarvalsgreiningu.

### Nýr spítali á besta stað er hagkvæmari

Það gefur augaleið að mun hagkvæmara er að reka sömu stærð af spítala í nýju vel byggðu húsnaði en bútasami gamalla og nýrra bygginga með löngum tengigöngum ofan og neðanjarðar.

Áætlanir um sameiningu spítalans ganga út á að sú spítalastarfsemi sem nú er í Fossvogi og samtals 17 öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu færist á Hringbraut. Nettó aukning sjúkrarúma á að verða 65 eftir sameininguna. Eftirspurn eftir spítalaþjónustu vex um 2% á ári. Bygging nýs meðferðarkjarna við Hringbraut á að ljúka 2023. Ofnýting sjúkrarúma er um 165 rúmum í ár og árið 2023 þegar meðferðarkjarninn á að koma í gagnið verður hann um 174 rúmum of lítill. Það verður því ekki hægt að leggja af Fossvogsspítala og hann dugur ekki einu sinni til að anna þörfinni. Til þess þarf að byggja nýjan nógu stóran spítala á nýjum stað.

Við sameiningu á einn stað eiga að sparast um 3 milljarðar kr. á ári, sem gera um 60 milljarðar kr. á núvirði miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Sú hagræðing mun ekki nást nema að byggt verði nýtt og heldur stærra sjúkrahús á nýjum stað þar sem svo má stækka sjúkrahúsið eftir þörfum í framtíðinni.

Áætlanir gera ráð fyrir söluverðmæti eigna sem losna í Fossvogi og Ármúla 1 um 8,5 milljarða kr. Ef byggt verður á nýjum stað má líka selja eignirnar við Hringbraut, þær sem vilji verður til að selja. Með auknum ferðamannastraumi hefur þörf fyrir hótél og gistirými á miðbæjarsvæðinu vaxið verulega og eignaverð hækkað gífurlega. Sala eignanna við Hringbraut myndi, lauslega áætlað skila um 20 milljörðum króna. Samtals getur sala eigna þá verið 28,5 milljarðar kr. ef byggt er á nýjum stað. Ef vilji stendur til að breyta hluta bygginganna í hjúkrunarheimili þá er það sérstök ákvörðun sem leiðir til sparnaðar með öðrum hætti.

Fljótlega eftir sameiningu verða um 9000 ferðir að spítalanum og 9000 ferðir frá honum á sólarhring, þar af 100-200 ferðir sjúkrabíla. Fyrir hvern kílómetra sem hægt er að stytta ofangreindar 9000 ferðir á sólarhring, að og frá spítalanum, má spara þjóðinni um 1 milljarð kr. á ári. Styttning um 2 km sparar því 2 milljarða kr. og svo framvegis. Einn milljarður króna á ári gerir 20 milljarða króna á núvirði miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

Ef spítalinn verður sameinaður í miðbænum minnkar þörf á dýrum samgöngubótum sem þurfa að koma til. Hér er um að ræða að setja Miklubraut í stokk, gera gögn gegnum Öskjuhlíð, byggja brú yfir

Fossvog auk framkvæmda vegna Borgarlínu. Samtals eru þessar framkvæmdir metnar á yfir 150 milljarða kr. Hvert ár sem þær dragast má spara, m.v. 5% vexti, 7,5 milljarða kr. á ári.

Ef byrjað verður að byggja meðferðarkjarnann við Hringbraut næst komandi haust þarf strax að hefja undirbúning stækkunar til dæmis í Fossvogi, á Hringbraut eða á nýjum stað. Það verður óheppileg og óhagkvæm framvinda og því er mikilvægt að skoða heildarmyndina vel áður en ákvarðanir verða teknar um útboð meðferðarkjarnans.

Samtökin hafa metið núvirtan hag af nýjum spítala á nýjum stað um 100 milljarða kr. KPMG yfirfrór reikningana og skoðaði forsendunnar en tók ekki ábyrgð á þeim.

### **Ferðir og samgöngur**

Eins og allir vita eru miklar umferðartafir í miðborginni, sérstaklega á Miklubraut og Hringbraut kvölds og morgna svo ekki er á bætandi.

Áætlað er að um 9000 ferðir verið að og 9000 frá sameinuðum spítala á sólarhring fljótlega eftir sameiningu, þar af 100-200 ferðir sjúkrabíla. Við það mun umferð í nágrenni Hringbrautar aukast um 10%. Ef þessi stærsti vinnustaður landsins færðist hins vegar nær þungamiðju byggðar borgarinnar myndi umferð í nágrenni Hringbrautar minnka í kringum 15%. Það getur því orðið allt að 25% léttari umferð í nágrenni Hringbrautar ef nýi spítalinn verður byggður austar á Höfuðborgarsvæðinu ef gert er ráð fyrir að í staðinn komi blönduð byggð við Hringbraut.

Mikil þörf er nú þegar á samgöngubótum í miðborginni sem kallar á fjárfestingar í umferðarmannvirkjum. Ein af undirbúningsnefndunum vegna byggingar spítalans skoðaði umferðarmálin nokkuð vel og komast að þeirri niðurstöðu að ef sameina ætti við Hringbraut þyrfti fyrst að ráðast í veg um Hlíðarfót (nú Öskjuhlíðargöng), setja Miklubraut í stokk og gera mislæg gatnamót við Snorrabraut/Bústaðaveg.

Á síðari árum hafa borgaryfirvöld stefnt að þéttingu byggðar og eflingu almenningsamgangna. Borgarlína á að taka um 8% ferða á svæðinu. Allt er það gott og blessað en kostar mikið og tekur langan tíma.

Ofangreindar framkvæmdir munu kosta yfir um 150 milljarða kr. Miðað við það reiknast vaxtakostnaður fyrir hvert ár sem þeim er flýtt um 7,5 milljarða króna. Ef þarf að flýta þeim um 3 ár vegna flutnings spítalans eru vaxtagjöldin af þeirri upphæð 22,5 milljarðar kr.

Erfitt er að ímynda sér er að ríkissjóður mun hafa fé aflögu í öll þessi verkefni á næstu árum í viðbót við þann kostnað sem fylgir byggingu nýs spítala.

Ef spítalinn verður byggður á besta stað verða samgöngumálin mun auðleysanlegri og lausnir ódýrari.

### **Betri spítali**

Ný hönnun og nýtt byggingarlag verður betra og sveigjanlegra hvað varðar breytingar. Nútíma læknisfræði tekur breytingum og vegna breytinga á tækjabúnaði og tækni. Það þarf oft að aðlaga húsnæðið að búnaði og meðferð.

Tengingar milli bygginga við Hringbraut verða margir kílómetrar ef til kemur. Það mun reynast mörgum sjúklingnum og starfsmönnum erfitt og er óhagkvæmt.

Ónógt viðhald og vanþekking hefur leitt til húsamyglu á Hringbraut sem skaðar heilsu sjúklinga og starfsfólks og erfitt verður að uppræta. Allstór hópur sérfræðinga, bæði lækna og annarra, hefur lýst miklum erfiðleikum við að vinna í röku og sums staðar mygluðum húsum við Hringbraut og hafa sumir þeirra þurft að hætta störfum.

Nálægðin við Reykjavíkurlflugvöll og skipulag svæðisins setur skorður varðandi hæð bygginga.

### **Það tekur ekki lengri tíma að byggja í aðgengilegri stað**

Við Hringbraut munu byggingaframkvæmdir standa í 15-20 ár með endurbyggingu gömlu bygginganna. Á meðan verða hávaði og margvísleg óþægindi og starfsemi spítalans skert og að hluta. Hávaðinn og hristingurinn sem dundi við byggingu sjúkrahótelsins, sem nú er risið við spítalann á Hringbraut, var mörgum mjög erfiður.

Ef stefnt er að byggingu spítala á nýjum stað þarf í fyrsta lagi að velja staðinn, ná sátt um hann, breyta skipulagi og hanna upp á nýtt. Allt tekur þetta tíma en má vel gera á 5 árum. Á nýju aðgengilegu svæði verður hægt að byggja nýjan spítala hratt. Þó hann verði eitthvað stærri en núverandi áform eru um má ætla að hægt sé að byggja hann á 5 árum.

Það má sem sagt byggja nýjan spítala á nýjum stað á 10-15 árum án truflunar á núverandi starfsemi sem er svipaður tími og bygging við Hringbraut mun taka. Alla vega þarf það að stefna á að byggja á nýjum stað ekki að tefja tilkomu nýs spítala að ráði. Þó svo væri um nokkur ár, væri það til vinnandi vegna betri útkomu í lokin.

### **Nálægð við Háskólasvæðið er ekki mjög mikilvæg**

Hí mun byggja yfir heilbrigðisvísindasvið hvar sem spítalinn verður á höfuðborgarsvæðinu. Nálægð við háskólasvæðið skiptir því sáralitlu máli. Það kemur nemendum hins vegar vel, eins og öðru starfsfólki spítalans að hann verði sem næst þeirra heimili.

Þekktur læknir sagði um nálægðina við HÍ, að „spítalinn gæti eins verið á Melrakkaslétu“. Nám heilbrigðisstarfsmanna fer annað hvort fram í háskólunum eða á spítalanum en lítið er um ferðir þar á milli innan sama vinnudags. Fyrir nemendur skiptir mestu að leiðin í nám eða vinnu sé greið og stutt.

### **Fagleg staðarvalsgreining er nauðsyn**

Af ofangreindum ástæðum og fleirum þarf að gera nýja faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýja Landspítalann. Slíka greiningu má vinna á nokkrum mánuðum án truflunar fyrir það ferli sem er í gangi.

Afar mikilvægt er að velja óháða aðila til verksins, sérfræðinga aðila sem eru vanir svona greiningum.

Til að skapa sátt um verkið þarf að hafa framsetningu niðurstaðna þannig að almenningur geti myndað sér skoðun á gæðum einstakra staðsetninga í samanburði við aðrar. Hugsanlega mætti þá fela landsmönnum að velja á milli bestu staðanna í vandaðri könnun eða þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nýr Landspítali er fyrir almenning á Íslandi sem greiðir hann og nýtur hans. Staðsetning spítalans og gerð á að miðast við þarfir landsmanna og óskir um góðan hagkvæman spítala á besta mögulega stað.

Sjá nánari upplýsingar á [www.betrispitali.is](http://www.betrispitali.is)

Fyrir hönd Samtaka um Betri spítala á betri stað,

Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur

S: 895 2485

**Meðal félaga í Samtökunum eru**

Ása Atladóttir, hjúkrunarfræðingur

Ásgeir Vilhjálmsson, læknir

Björn Gíslason, f.v. slökkviliðsmaður

Ebba Margrét Magnúsdóttir, læknir, sérfræðingur á kvennadeild LSH

Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, FAÍ, FSFFÍ

Guðl. Gauti Jónsson, arkitekt, f.v. formaður Arkitektafélags Íslands

Hans Gústafsson, verkefnisstjóri

Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Hilmar Þór Björnsson, arkitekt

Ómar Sigurvin, læknir

Sigurgeir Kjartansson, læknir, sérfræðingur í almennum- og æðaskurðlækningum á LSH,

Stefán Matthíasson læknir, formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja,

Örn Þórðarson, stjórn málafræðingur, MBA, f.v. sveitarstjóri

Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir á Slysa- og bráðamóttöku LSH

Ása St. Atladóttir hjúkrunarfræðingur

Sjá:

<http://betrispitali.is/>

<https://www.facebook.com/betrilandspitaliabetristad>